

# Jafnréttisstefna

## Sjálandsskóla 2018-2019

---

Í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa 25 starfsmenn eða fleiri að setja sér jafnréttisáætlun. Markmiðið með lagaskyldunni er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Allir einstaklingar skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kyni. Sjálandsskóli fylgir einnig jafnréttisstefnu Garðabæjar sem og aðalnámskrá grunnskóla og stefnir að því að efla trúarbragða-, einkalífs- og siðfræðslu á öllum stigum skólans.

Sjálandsskóli setur sér eftirfarandi jafnréttisstefnu sem byggð er á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna nr. 10/2008 (jafnréttislög) og samkvæmt Jafnréttisstefnu Garðabæjar (15. júní 2015) en þar er markmiðið „að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla og jafna þannig stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins“. Sjálandsskóli leggur áherslu á góða líðan allra sem í skólanum starfa (starfsmanna og nemenda) og góðan starfsanda. Allir starfsmenn og nemendur skólans eiga rétt á að því að komið sé fram við þá af virðingu.

Markmið jafnréttisstefnu er að tryggja að fyllsta jafnréttis kynjanna sé gætt í skólanum. Lögð er áhersla á að nemendur og starfsfólk fái notið sín á eigin forsendum án tillits til kynferðis, kynhneigðar, útlits, fötlunar eða trúarbragða og að hver einstaklingur sé metinn að verðleikum. Halda skal sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í öllu starfi innan skólans. Markvisst skal unnið að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum skólans. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og skal vinna á virkan hátt gegn slíkri mismunun. Kynbundið ofbeldi eða áreitni er ekki liðin.

Með jafnréttisstefnu Sjálandsskóla er unnið markvisst að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og að vinna gegn neikvæðum staðalímyndum. Skólinn leggur áherslu á að vera til fyrirmyndar í jafnréttismálum. Jafnréttisstefna Sjálandsskóla og jafnréttissjónarmarkmið í starfsmannastefnu skal endurskoða á þriggja ára fresti. Sú endurskoðun skal fara fram í september. Jafnréttisstefnu er fylgt fram með aðgerðaráætlun.

### Starfsmenn

#### Ráðningar

Starf sem laust er til umsóknar skal standa opið jafnt konum og körlum en leitast skal við að halda hlutfalli kynjanna eins jöfnu og frekast er unnt. Gæta skal jafnréttissjónarmiða til jafns á við önnur sjónarmið við ráðningar í skólanum. Lögð er áhersla á að starfsmenn skólans séu meðvitaðir um jafnrétti og hvað það felur í sér.

#### Laun og kjarasamningur

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum Sambands íslenskra sveitafélaga og þess stéttarfélags sem er samningsaðili fyrir viðkomandi starf. Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og skulu viðmið við ákvörðun launa vera skýr, málefnaleg, gagnsæ og ávallt skal gæta jafnræðis. Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og njóta sömu kjara fyrir jafn verðmæt og sambærileg störf. Vinna skal gegn launamisrétti og annarri mismunun á grundvelli kyns í skólanum.

Konur og karlar skulu hafa jafna möguleika á starfsframa innan skólans. Gæta skal jafnréttissjónarmiða við skiptingu verkefna og deilingu ábyrgðar meðal starfsmanna. Starfsmenn skulu eiga jafnan aðgang að launuðum aukastörfum og því sem gæti talist til hlunninda, óháð kyni.

### Starfsaðstæður, starfsþróun og fræðsla

Aðgengi til vinnu og öll vinnuaðstaða starfsmanna skal vera á jafnréttisgrundvelli. Bæði konum og körlum skal gert kleift og þess vænst að þeir samræmi sem best starfskyldur sínar og tímabundna fjölskylduábyrgð s.s. vegna veikinda nákominna og vegna þungunar og barnsburðar. Komið skal á móts við fjölskylduábyrgð starfsmanna eins og kostur er meðal annars að þeir fái tækifæri til að sinna skyldum gagnvart, börnum, maka og foreldrum

Starfsfólki skulu tryggðir möguleikar til endurmenntunar og starfsþróunar, óháð kyni. Þeir skulu fá tækifæri til að þróast í starfi og fá hvatningu til að sækja sér sí- og endurmenntun. Skólinn heldur reglulega námskeið fyrir kennara þar sem fjallað er um jafnrétti kynjanna og sérstaklega um jafnréttismiðaða kennslu. Gerð er sí- og endurmenntunaráætlun árlega þar sem tekið er miðað af þörfum starfsfólksins fyrir fræðslu og eða þjálfun. Allir starfsmenn fara árlega í starfsmannasamtöl.

Við skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum skólans skal ávallt gæta þess að hlutföll kynja séu sem jöfnust. Allir starfsmenn eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki einelti, kynferðislegri né kynbundnu áreitni.

### Heilsa, einelti, ofbeldi og vinnuvernd

Skapa skal aðlaðandi og heilsusamlegt starfsumhverfi. Þess skal gætt í hvívetna að tryggja vellíðan og árangur starfsmanna. Fordómar, kynbundið ofbeldi, kynbundin og/eða kynferðisleg áreitni er ekki liðin í Sjálandsskóla í neinu formi. Með því er átt við, svo sem myndir, orðfæri, samskipti eða gamansemi sem vísa til kynferðis eða kynhneigðar og eru á einhvern hátt niðurlægjandi fyrir annað eða bæði kynin. Ef slík mál koma upp skal taka þau til meðferðar hjá skólastjórnendum og/eða skólaskrifstofu og fylgja aðgerðaráætlun Garðabæjar.

Auka skal fræðslu um einelti, kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni og kynferðislega áreitni til að stuðla að því að allt starfsfólk verði meðvitað um slík málefni og geti greint og brugðist við þegar þau koma upp. Ef starfsmaður telur að jafnrétti sé brotið á sér eða öðrum skal hann leyta til stjórnenda eða trúnaðarmanns sem finna farveg fyrir málið samkvæmt áætlun. Einnig hafa starfsmenn möguleika á að leyta til mannauðsstjóra Garðabæjar.

Allir starfsmenn bæði þeir sem eru laus- og fastráðnir samþykkja að veittur sé aðgangur að sakaskrá sinni þannig að koma megi í veg fyrir að þeir sem gerst hafa sekir um ósæmilega hegðun verði ráðnir.

Telji starfsmaður að jafnrétti sé brotið í Sjálandsskóla skal hann leita til trúnaðarmanns eða skólastjóra sem í sameiningu finna hverju máli farveg.

### Nemendur

Jafnréttisstefna Garðabæjar (15. desember 2011) kveður á um að „skólayfirvöld og forstöðumenn annarra uppeldisstofnana í Garðabæ, skulu vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og ungmennum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna“. Þannig er lögð áhersla á í starfi Sjálandsskóla að stuðla að vellíðan allra nemenda og skapa jákvæðar og hvetjandi aðstæður til náms og starfa. Starfsmenn skólans eru fyrirmyndir sem eiga með framgöngu sinni að stuðla að jafnrétti í orði og verki. Foreldrar eru einnig fyrirmynd og því eru foreldrar af báðum kynjum hvattir til þess að taka þátt í skólastarfinu. Í

### Kennsla og árangur

Í Sjálandsskóla er lögð áhersla á að:

- Nemendur á öllum aldursstigum hljóti fræðslu um jafnréttismál
- Árlega skal haldin vika hjá öllum árgöngum, þar sem lögð er áhersla á fræðslu um jafnrétti og mannréttindi
- Búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs
- Námsframboð og viðfangsefni sé miðað að áhugasviðum beggja kynja
- Kennsluhættir og starfsaðferðir séu fjölbreyttir og sveigjanlegir
- Allir nemendur geta verið virkir og skapandi í starfi óháð kyni

- Nemendur fái þjálfun í að rýna umhverfi sitt og félagslega aðstæður svo að allir fái jöfn tækifæri til að sýna sjálfstæði, ábyrgð og virkni í námi, starfi og leik
- Í náms- og starfsfræðslu sé lögð áhersla á að kynna báðum kynjum öll störf á jafnréttisgrundvelli
- Í námi og starfi á vegum skólans (þar með talið íþróttaviðburðum) séu kynjahlutföll sem jöfnust
- Skipuleggja félags- og tómstundastarf með þarfir og hagsmuni beggja kynja í huga og jafnréttis sé gætt í hvívetna
- Að styrkja jákvæða kynímynd stúlkna og pilta og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar, kynbundinnar- og kynferðislegrar áreitni
- Kennsluhættir skulu vera fjölbreyttir og sveigjanlegir og gæta skal þess að koma til móts við þarfir og getu hvers og eins
- Skoða skal námsárangur nemenda með sjónarhorni kynsanna og bregðast við ef misvægi er á árangri
- Starfsmenn skulu vera til fyrirmyndar varðandi jafnréttissinnaðri framkomu

Telji nemandi að jafnrétti sé brotið eða farið á svig við reglur skólans skal hann leita til skólastjóra og/eða námsráðgjafa sem finna málinu farveg.

### Kynbundið ofbeldi, kynbundin og kynferðisleg áreitni og einelti

Nemendur Sjálandsskóla a eiga ekki að þurfa að þola kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni eða kynferðislega áreitni sem birst getur í mörgum myndum svo sem orðfæri, samskiptum eða gamansemi sem er niðurlægjandi fyrir annað eða bæði kynin. Nemendur eiga hvorki að þurfa að þola slíka hegðun af hendi samnemenda sinna né af starfsmönnum skólans.

Starfsmenn skólans fá fræðslu um vísbendingar og viðbrögð við kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni, kynferðislegri áreitni og kynferðislegri misnotkun.

Verkefnið Velferð barna í Garðabæ er liður í því að setja fram heildstæða stefnu í málaflokkunum jafnrétti, kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum meðal skólastofnanna, íþrótt- og tómstundafélaga í Garðabæ. Frekari upplýsingar um verkefnið og verkferla þeim tengdum má finna á heimasíðu skólans.

### Aðgerðaáætlun vegna jafnréttisstefnu

Í aðgerðaráætlun Sjálandsskóla vegna jafnréttisstefnu eru sett fram markmið og aðgerðir. Skólastjórn Sjálandsskóla hefur umsjón með framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar. Þegar við á eru settir mælikvarðar um þann árangur sem stefnt er að út frá stöðunni í dag og fyrri sögu. Lögð er áhersla á að velja mælikvarða sem gefa hugmynd um framvindu mála á hverju sviði fyrir sig.

#### Starfsmenn

##### ***Að jafna hlut kvenna og karla í starfshópnum.***

**Aðgerð:** Að reyna eins og hægt er að jafna kynjahlutföllin í nýráðningum við skólann.

**Tími:** Þegar ráða þarf nýja starfsmenn.

**Ábyrgð:** Skólastjórnendur

##### ***Að karlar og konur sem starfa við Sjálandsskóla njóti sömu launakjara.***

**Aðgerð:** Að taka saman kjör m.t.t. kynferðis starfsmanna. Trúnaðarmenn starfsmanna upplýstir um launakjör enda sé þar algjört gagnsæi. Ef í ljós kemur að launakjör eru ekki þau sömu þá sjá stjórnendur ásamt mannauðsstjóra Garðabæjar um að vinna að leiðréttingu.

Tími: Nóvember 2019

**Ábyrgð:** Skólastjóri

**Að tryggjt sé að starfsmenn verði ekki fyrir einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.**

**Aðgerð:** Lagðar fyrir kannanir annað hvert ár (Skólapúls fyrir starfsmenn) um hvort slík áreitni eða ofbeldi sé til staðar. Skólastjóri stýrir ferli máls og leitar liðsinnis mannauðsstjóra Garðabæjar ef þurfa þykir.

**Ábyrgð:** Skólastjórnendur – kennsluráðgjafi

Tími: Mars 2019

**Boðið sé upp á fræðslu um jafnréttismál fyrir alla starfsmenn.**

**Aðgerð:** Árlega að minnsta kosti eitt námskeið sem fjallar að einhverju leyti um jafnréttismál.

Tími: Janúar 2019

**Ábyrgð:** Skólastjórn

**Að tryggja að starfsþróun og símenntun sé nýtt til aukins jafnréttir kynja.**

**Aðgerð:** Könnun er lögð árlega fyrir starfsmenn hvort þeir upplifi jafnrétti varðandi starfsþróun og símenntun.

**Ábyrgð:** Skólastjórn

#### Nemendur

**Niðurstöður samræmdra prófa og annars námsmats skoðað með tilliti til árangurs drengja og stúlkna.**

**Aðgerð:** Leitast við að bregðast við ef mismunur kemur fram.

Tími: Framkvæmt ár hvert í desember, febrúar, maí.

**Ábyrgð:** Skólastjórnendur og sérkennarar

**Öllum nemendum gefin kostur á að reifa skoðanir sínar varðandi hverskyns jafnréttismál.**

**Aðgerð:** Stjórnendur fara á heimaþing allra árganga x 3 á hverju skólaári. Nemendur ákveða umræðupunkta með kennurum á bekkjarfundum. Bekkjarfundir eru haldnir x 2 í hverjum mánuði í öllum árgöngum, þar gefst nemendum tækifæri til að reifa skoðanir sínar og ræða þau mál sem upp kunna að koma.

Tími: Gert þrisvar sinnum á ári – einu fyrir áramót og tvisvar eftir áramót.

**Ábyrgð:** Skólastjórnendur-umsjónarkennarar-námsráðgjafi

*Markviss kennsla í jafnréttisfræðslu þar sem nemendur eru undirbúnir undir jafna þátttöku í samfélaginu. Á hverju skólaári er ein vika skilgreind í skóladagatali þar sem áhersla er lögð jafnréttisfræðslu og mannréttindi.*

**Aðgerð:** Árlega skilgreint í kennsluáætlunum. Vika með áherslu á jafnrétti- og mannrétti skilgreind í skóladagatali ár hvert. Nemendur í unglingadeild eru með skilgreinda tíma í stundatöflu þar sem jafnrétti og mannréttindi eru kenndar með markvissum hætti.

**Tími:** ágúst ár hvert

**Ábyrgð:** Umsjónarkennarar -stjórnendur

*Námsgögn nemenda séu með þeim hætti að ekki sé kynjum mismunað.*

**Aðgerð:** Námskrá, kennslubækur og kennsla skoðuð og unnið að úrbótum þar sem þess er þörf.

**Tími:** Fyrir áramót 19/20

**Ábyrgð:** Skólastjórnendur

*Náms- og starfsfræðsla*

*Drengir og stúlkur, óháð kyni, fá ráðgjöf og fræðslu í tengslum við sömu störf.*

*Aðgengi og aðbúnaður vegna fatlaðra nemenda sé góður.*

**Aðgerð:** Úttekt gerð á húsnaði skólans m.t.t. aðgengismála og óskað eftir úrbótum ef þörf er á.

**Tími:** Ágúst hvert ár.

**Ábyrgð:** Umsjónarmaður fasteigna og skólastjóri.

*Tryggt sé að nemendur verði ekki fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.*

**Aðgerð:** Lagðar fyrir kannanir um hvort slík áreitni eða ofbeldi sé til staðar og ef svo er þá er mál unnið samkvæmt áætlun skólans um alvarleg hegðunarbrot. Ef upp koma mál er varða t.d. kynbundið ofbeldi, kynbundinni áreitni eða kynferðislegri áreitni nemenda eða starfsfólks skal unnið eftir aðgerðaráætlun Garðabæjar (18. júní 2015).

**Tími:** Á hverju skólaári er lagt fyrir matskerfið Skólapúls meðal nemenda í 6. -10.bekk auk þess er lögð fyrir líðan könnun fyrir alla nemendur tvisvar á ári.

**Ábyrgð:** Námsráðgjafi og skólastjórnendur.

*Þessi stefna var síðast uppfærð 25.janúar 2019*